Námsefni **Náttúrufræði Haustönn 2026** 9-10. bekkur WS --- **Kennsla:** Aðalviðfangsefni stjörnufræðilotunnar eru Myrkvar. Sólmyrkvar og tunglmyrkvar. Nemendur öðlast skilning á sögulegu mikilvægi myrkva, hvernig þeir hafa haft áhrif á bæði forn menningarheima og vísindalegar uppgötvanir.	**Hæfniviðmið** **Vinnulag náttúruvísinda** Stefnt er að því að nemandi geti: ● beitt hugtökum og heitum náttúruvísinda við fjölbreyttar aðstæður, ● lesið og túlkað náttúruvísindalegt myndefni og útskýrt meginatriði með eigin orðum, ● miðlað náttúruvísindalegri þekkingu á skýran hátt, ● greint á milli staðreynda, skoðana, tilgáta og vísindakenninga og kynnst dæmum um hvernig vísindaleg þekking verður til, ● tekið þátt í umræðu um hvernig náttúruvísindi tengjast tækni, menningu og breyttri heimsmynd manna. **Alheimurinn** Stefnt er að því að nemandi geti: ● gert grein fyrir stöðu og hreyfingu jarðar, ● gert grein fyrir áhrifum tunglsins á jörðina, ● þekkt eiginleika sólkerfisins og gert grein fyrir stöðu og hreyfingu fyrirbæra innan þess, ● gert grein fyrir myndun og þróun stjarna. **Orka, ljós og kraftar** Lotan styður jafnframt við hæfni nemenda til að: ● fjalla um ljós sem hluta rafsegulrófsins, ● tengja krafta og hreyfingu við náttúruleg fyrirbæri,

	● beita hugmyndum um þyngdarafl þegar hreyfing himintungla er lýst. --- **Námsmat** Vinnumat kennara. Verkefnaskil. Þátttaka og frumkvæði í tímum. Áhugi og skilningur.